



Tillögur og úrræði vegna barna á einhverfurófi

Mikilvægt er að hafa í huga að börn á einhverfurófi eiga yfirléitt erfiðara með að læra af umhverfi sínu en önnur börn og því þurfa foreldrar og starfsfólk skóla að kenna barninu margt sem önnur börn læra án mikillar aðstoðar.

Börnum með röskun á einhverfurófi virðist ganga best þegar þau hafa nákvæma rútínu eða stundaskrá. Þetta skipulag er þeim mjög mikilvægt og er gagnlegt að hafa það myndrænt að einhverju eða öllu leyti. Mikilvægt er að halda breytingum á rútínu í lágmarki og undirbúa vel ef breytingar á dagskrá eru framundan. Fastar venjur og skýrt skipulag getur dregið úr óöryggi og mótþróa.

Mælt er með markvissri teymisvinnu í kringum börn með einhverfu, þar sem foreldrar og skóli funda reglulega (1-2svar sinnum á önn) og vinna að sameiginlegum markmiðum.

Fylgjast þarf vel með og leiðbeina í samskiptum við jafnaldra og stuðla að aukinni félagsfærni. Þeir þættir sem mætti æfa er t.d. að: skiptast á að tala, hefja samræður, skiptast á og sýna frumkvæði í samskiptum, skiptast á t.d. í spilum, læra að tapa o.s.frv. Kennsla þarf að fara fram með jákvæðum hætti og mikilvægt að hrósa fyrir góða framkomu. Félagssfærnisögur og einfaldir

hlutverkaleikir nýtast vel í þessu sambandi sem og að nýta t.d. tilfinningamyndaspil s.s. Sometimes I feel (fæst í A4) og nota tilfinningaþjálfun úr CAT kassanum, þar sem æft er að lesa úr aðstæðum, lesa í hvernig öðrum líður og hvað þeir gætu verið að vera að hugsa. Slík þjálfun er mikilvæg félagsfærniþjálfun og veitir einnig innsýn í hvernig barnið skynjar og túlkar félagslegar aðstæður og tilfinningar.

Gott er að félagsfærniþjálfun fari fram í skólanum. Félagsfærnisögur geta verið góður kostur í slíkri þjálfun. Í gegnum félagsfærnisögur er hægt að kenna börnum hvernig skynsamlegt er að haga sér og bregðast við í samskiptum við aðra. Þær eru einnig góð leið til að æfa gagnkvæmni í samskiptum. CAT kassinn er einnig gott tæki til að nota í félagsfærniþjálfun fyrir börn sem eiga erfitt með að tjá sig um tilfinningar, hugsanir og upplifanir. CAT kassinn getur hjálpað til við að auka skilning barnsins á sjálfu sér og öðrum, auk þess að bæta félagsfærni.

Mikilvægt er að tala skýrt mál, börn á einhverfurófi eiga oft erfitt með að skilja hæðni, orðatiltæki og líkingar. Þau eiga einnig erfitt með að skilja tjáningu án orða. Því er mikilvægt að vera skýr og hnitmiðaður í fyrirmælum og skilaboðum sem eru gefin. Í kennslustofunni þarf að taka tillit til þess að hópfyrirmæli fara gjarnan framhjá börnum á einhverfurófi.

Mikilvægt er að hjálpa börnum á einhverfurófi að viðhalda þeim samböndum sem þau eiga við jafnaldra og að styðja þau í að taka frumkvæði að samskiptum. Í slíkri vinnu er þó nauðsynlegt að hafa í huga að einstaklingar með röskun á einhverfurófi hafa oft minni þörf fyrir samskipti og það ber einnig að virða.

Gagnlegar bækur:

- Litróf einhverfunnar (Sigríður Lóa Jónsdóttir og Edvald Sæmundsson)
- How to make and keep friends (Briggs og Shea, 2011)
- The Hidden Curriculum: Practical Solutions for Understanding Unstated Rules in Social Situations (Myles, 2004) – „að efla skilning á félagslegum og óýrtum reglum“.
- Women and Girls with Autisms Spectrum Disorder (Sara Hendricks)